AUGLÝSING

um niðurfellingu aðflutningsgjalda af farsímum.

1. gr.

Við tollafgreiðslu skal fella niður toll og sérstakt tímabundið vörugjald af farsímum (bílsímum).

Niðurfelling gjalda skv. 1. mgr. tekur til símans sjálfs með tónvalsbúnaði, sleða (casette) fyrir símann, samtalssíu (duplexfilter), loftnets, talfæris og sérstaks hátalara, enda sé búnaður þessi fluttur í einu lagi til landsins, sbr. 2. mgr. 50. gr. laga nr. 59/1969, um tollheimtu og tolleftirlit.

Skilyrðis niðurlags 2. mgr. skal einnig gætt við úttekt úr tollvörugeymslu eftir því sem við á. Niðurfelling gjalda skal þó ná fram að ganga, þó að sendingu eða úttekt úr tollvörugeymslu vanti loftnet og/eða sérstakan hátalara.

2. gr.

Það skilyrði er ennfremur sett að búnaðurinn hafi verið samþykktur af Póst- og símamálastofnun til notkunar í bílasímaþjónustu stofnunarinnar og þar með hinu almenna símakerfi.

3. gr.

Fjármálaráðuneytið sker úr ágreiningi sem rísa kann um framkvæmd og túlkun ákvæða auglýsingar þessarar.

4. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lið 3.17 í 6. gr. fjárlaga nr. 95 31. desember 1986 og lögum nr. 107 30.desember 1978, um sérstakt tímabundið vörugjald með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld auglýsing nr. 68 30. janúar 1986 um niðurfellingu aðflutningsgjalda og sölugjalds af farsímum.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Hafi fyrir gildistöku auglýsingar þessarar verið gerður samningur um sölu farsíma, en afhending hins selda og greiðsla skyldi fara fram eftir gildistöku hennar, skal kaupandi greiða viðbót við samningsgreiðsluna er svarar sölugjaldi, nema sannað sé að gjaldið hafi verið talið með í kaupverði við ákvörðun þess.

II.

Nú hefur innflytjandi áður en auglýsing þessi tekur gildi afhent skjöl til tollmeðferðar sem að öllu leyti eru fullnægjandi til þess að unnt sé að tollafgreiða farsíma þegar í stað og skal þá ekki innheimt sölugjald af þeim við tollafgreiðslu, sbr. j-lið 4. gr. laga nr. 10/1960, enda eigi fullnaðartollafgreiðsla sér stað fyrir 10. júlí 1987.

Fjármálaráðuneytið, 30. júní 1987.

Þorsteinn Pálsson.

Indriði H. Þorláksson.